

Hreinsunaráttak um Hreint Suðurland

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur kynnt átakið **Hreint Suðurland** sem er hreinsunaráttak miðað að lóðum og lendum í umdæminu. Átakið er áskorun til lóðarhafa, íbúa og landeigenda á Suðurlandi, að þeir gangi í það að hreinsa af lóðum sínum og lendum, allt það sem getur valdið ónæði, mengun eða lýti á umhverfinu.

Jafnframt verður hægt að krefjast lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir, auk þess sem heimilt er að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun á, kostnað eigenda – *sjá nánar í skjalinu hér að neðan*

[Lóðahreinsanir og númerslausar bifreiðar](#)